



Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana.

Fréttatilkynning
25. mars 2008

SÉRSTAKT ÚTBOÐ RÍKISBRÉFA RIKB 08 1212

Vegna mikillar eftirspurnar eftir stuttum ríkistryggðum útgáfum hefur ríkissjóður tekið ákvörðun um að mæta henni með sölu í ríkisbréfaflokki, RIKB 08 1212 sem er á gjalddaga 12. desember 2008. Framangreint útboð mun koma sem viðbót við útgáfu sem var tilkynnt þann 14. janúar sl. í Ársáætlun í lánamálum ríkissjóðs 2008.

Útboðið fer fram fimmtudaginn 27. mars klukkan 14:00 með tilboðsfyrirkomulagi hjá Seðlabanka Íslands.

Heildarfjárhæð þessa útboðs verður allt að 10.000 milljónir króna að nafnverði. Einungis aðalmiðlurum ríkisskuldabréfa er heimilt að gera tilboð í útboðinu en þeir annast einnig tilboðsgerð fyrir fjárfesta. Lágmark hvers tilboðs er ein milljón króna að nafnvirði.

Greiðslu- og uppgjörsdagur er mánudagurinn 31. mars 2008.

Í þessu útboði óskar Seðlabankinn eftir kauptilboðum í eftirfarandi flokk ríkisverðbréfa:

Flokkur	Lokagjalddagi	Útistandandi fjárhæð*	Lánstími
RIKB 08 1212	12.12.2008	15.000 m kr.	8,5 mán.
*Að nafnverði			

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson, lánamálum ríkisins á alþjóða- og markaðssviði Seðlabanka Íslands, í síma 569 9633.

Með kveðju,